

Ed.

611. Nefndarálit

[240. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum, notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og fengið forustumenn Arnarflugs hf. til að veita upplýsingar og svara spurningum nefndarmanna. Að vel athuguðu máli telur nefndin rétt að ráðherra fái þessa heimild enda liggja fyrir upplýsingar hans og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins um að ábyrgð yrði einungis veitt samkvæmt reglum Ríkisábyrgðarsjóðs sem kveða á um að ábyrgð verði ekki veitt fyrir hærri upphæð en nemur 70% verðmætis fullgildra veða.

Nefndin mælir því með samþykkt frv.

Eiður Guðnason var fjarstaddur við afgreiðslu málsins. Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er sammála nefndarmönnum.

Alþingi, 11. apríl 1984.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.
Lárus Jónsson.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
fundaskr.
Valdimar Indriðason.

Ragnar Arnalds.
Jón Kristjánsson.